

Skýrsla Torfæruráðs

Ráðið fundaði 6 sinnum á árinu, þegar ástæður þóttu til. Auk þessara funda var haldinn fundur með keppendum nú í október sem heppnaðist vel. Keppendafundurinn fór fram á zoom, var vel mættur og sköpuðust þar margar góðar umræður.

Keppnishald í torfæru árið 2021 fór vel fram og varð ekki fyrir eins miklum truflunum af völdum Covid eins og í fyrra. Haldnar voru 6 keppnir, þar af bæði með og án áhorfenda.

Á tímabilinu kom oftast en einusinni upp eldur og þar af kanski meiri eldar en oft áður. Í framhaldi af þeim uppákomum kom annarsvegar umræða um að verða okkur út um stór eldvarnarteppi, hugsuð til að drepa eld í heilu tæki og eru þau mál í skoðun, jafnvel hvort klúbbarnir gætu sameinast um kaup á slíkum búnaði.

Hinsvegar skapaðist mikil umræða um pollaföt, utanyfirgalla og klæðnað innanundir keppnisgallana. Skerpt var á því í reglum að ekki sé leifilegt að klæðast öðrum fatnaði en eldvarnar fatnaði innanundir keppnisgallanum. Reglur eru skírar um regngallana, en þar þarf augljóslega að vekja athygli á að þeim sé framfylgt.

Reglubreytingum fyrir árið 2022 var skilað inn til regluráðs, þær voru ekki miklar að þessu sinni fyrir utan breytingar í götubílaflokk. En í götubílaflokk var helsta breyting sú að tæki þurfi ekki að vera á númerum, þau skuli vera skráð en númer mega lyggja inni.

Á næsta ári er svo fyrirhugað að halda 6 keppnir/umferðir í Íslandsmóti í torfæru, á einungis þremur helgum. Sú fyrsta í byrjun maí, næsta í byrjun júní og sú síðasta í lok júlí og er sú keppni jafnframt Norðurlandamót. Keppendur eru mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag.

Fyrir hönd torfæruráðs,
Aðalbjörg Ósk.